



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2024

MSS23120049

Umsögn um fyrirspurn borgarfulltrúa sjálfstæðisflokks um almenningsgarða og græn svæði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. jan. 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarfulltrúa sjálfstæðisflokks, sem lögð var fram í borgarráði 7. des. 2023 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Hversu margir nýir almenningsgarðar eða græn svæði hafa verið skipulögð og byggð/gróðursett síðan um aldarmótin? Hver er fermetrafjöldi allra almenningsgarða eða grænna svæða í Reykjavík? Eru almenningsgarðar í Reykjavík flokkaðir eftir einhverjum ákveðnum þáttum? Ef svo er hverjir eru flokkarnir? Vert er að taka fram að hér er ekki verið að spyrja um ný torg eða almenningsvæði sem eru að mestu hellulögð eða undir múr, gúmmí eða steypu eða einhverju undirlagi sem er ekki gras eða annar gróður. Séu slík svæði flokkuð sem almenningsgarðar eða græn svæði hjá borginni mætti taka það fram í upptalningunni og hver notkun svæðisins sé, eftir því sem við á.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn:

Það getur verið vandasamt að skilgreina græn svæði eða opin svæði því þau eru æði mismunandi. Allt frá helgunarsvæðum meðfram umferðargötum til gróðursvæða inn í hverfum. Það sem hægt er að kalla almenningsgarða eru frekar í eldri borgarhlutum, garðar eins og Hljómskálagarður og Klambratún. Hugtakið almenningsgarðar hefur ekki eins skýra merkingu í skipulagi nýrri borgarhluta. Í nýrri hverfum er frekar unnið með græna geira sem fléttast um byggðina og innihalda auk gönguleiða, leik- og dvalarsvæði og græna umgjörð fyrir hverfin.

Í gagnagrunni Landupplýsingakerfis Reykjavíkur er hlutfall skipulagðra útivistarsvæða af heildar þéttbýlissvæðinu í kringum 33% sem eru þá svæði af mismunandi toga.

Í kaflanum um Grænu borgina í aðalskipulagi Reykjavíkur er þéttbýlissvæði borgarinnar sagt vera 51 km² og opin svæði til sérstakra nota um 20 km² eða tæplega 40% af þéttbýlissvæðinu (tölfræði frá 2018). Það eru vissulega svæði af ýmsu tagi svo sem íþróttasvæði en þau skiptast í 10 meginflokka í AR.

Þau svæði sem örugglega má fella má undir almenningsgarða og græn svæði eru borgargarðar, hverfisgarðar og leik- og dvalarsvæði.

Borgargarðarnir eru stóru útivistarsvæðin í borginni svo sem Elliðaárdalur, Fossvogsdalur, Öskjuhlíð, Klambratún Laugardalur og Grafarvogur, alls 8,2 km².

Innan hvers borgarhluta eru hverfisgarðar, alls 2,7 km².

Leik- og dvalarsvæði eru mismunandi að stærð og þjóna aðallega íbúum inn í hverfunum, alls 0,39 km².



Reykjavík



Eðlilegt væri að telja strandsvæði til grænna svæða en þau eru alls 2,8 km² og kirkjugarða sem eru 1,2 km².

Samtals gerir þetta 15,29 km² þ.e. um 30% af þéttbýlissvæðinu.

Álitamál er hvort telja skuli íþróttasvæði 1,2 km², hesthúsasvæði 1,6 km² og golfvelli 1,8 km² til grænna svæða en vissulega eru þau notuð til útvistar af stórum hópum.

Til viðbótar mætti telja til grænna svæða eða a.m.k. svæði sem nýtast til útvistar, matjurtagarða, skólalóðir og leikskólalóðir og ýmsar stofnanalóðir borgarinnar s.s. Ásmundarsafn og ýmsar lóðir ríkisins s.s. lóðir Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns.

Nýir almenningsgarðar og græn svæði fylgja uppbyggingu nýrra hverfa. Frá aldamótum hafa byggst upp Grafarholt, Norðlingaholt og hverfi í Úlfarsárdal.

Í hinu sögulega samhengi hefur þróun borgarinnar falist í því að nýta opin græn svæði, landbúnaðarland og náttúrusvæði í útjaðri fyrir ný hverfi, en síðustu áratugi hefur verið meiri áhersla á endurnýtingu eldri iðnaðarsvæða fyrir nýja íbúðarbyggð, og með því reynt að stemma stigu við því að líffræðilega fjölbreytt svæði séu tekin undir þéttbýli.

Í nýrri byggð á fyrrum iðnaðarsvæðum eru þá gerð ný útvistarsvæði.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík